

FUNDARGERÐ FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

173. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 1. júní 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Sigrún Waage aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri kemur á fundinn kl. 15.05 og fer yfir nemendafjölda 2016 – 2017, starfsfólk 2016 – 2017, skóladagatal 2016 – 2017.
2. Formaður fræðsluráðs segir frá aðalfundi Farskóla Norðurlands vestra sem haldinn var á Sauðárkróki 11. maí sl.
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúa starfsmanna mæta á fundinn undir þessum lið. Fulltrúi foreldra forfallaðist. Formaður býður Guðrúnu Láru og Sigríði Elvu velkomnar á fundinn. Guðrún Lára leggur fram skóladagatal 2016 – 2017. Skóladagatalið er með svipuðu móti og undanfarin ár, starfsdagar eru fjórir, tveir á haustönn og tveir á vorönn. Sumarfrí leikskólans 2017 verður í júlímánuði og er það sami mánuður og frístund grunnskólans er í frí árið 2017. Fræðsluráð samþykkir framlagt skóladagatal. Guðrún segir frá því að samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum um skólavist verða um 50 nemendur við skólann í haust. 6 – 13 börn eru í hverjum árgangi. Fjöldi stöðugilda verður 11,7. Þess utan koma þroskaþjálfari og húsvörður eftir þörfum, 2 tímar í íþróttakennslu, 1tími í jógakennslu og 1 tími í kórstarfi. Guðrún Lára segir frá því að Landvernd hafi samþykkt umsókn leikskólans um Grænfána 2 og verður fáninn afhentur á sumarhátíð leikskólans þann 8. júní nk. Formaður þakkar Guðrúnu Láru og Sigríði Elvu fyrir komuna á fundinn og Guðrúnu Láru fyrir góða yfirferð.
2. Formaður fræðsluráðs segir frá aðalfundi Farskóla Norðurlands vestra sem haldinn var á Sauðárkróki 11. maí sl. en formaður er í fulltrúa ráði skólans fyrir hönd Húnaþings vestra. Hjá farskólanum er allt í blóma, mikið, gott og göfugt starf sem þar fer fram. Skýrsla stjórnar var vel fram sett sem og ársreikningar. Nokkuð var rætt um þau vildargjöld sem sveitarfélögin greiða til skólans en sú tala hefur verið óbreytt að krónutölu sl. 3 ár. Að loknum aðalfundi var haldinn stefnumótunarfundur. Þar kom margt gagnlegt fram.
3. Önnur mál.
 - a. Formaður segir frá bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna. Formanni falið að ræða við skólastjóra grunnskólans um málið.

- b. Formaður segir frá því að Skáksamband Íslands hafi samþykkt umsókn Grunnskóla Húnaþings vestra um þátttöku í verkefninu „Skák eflir skóla“ sem snýr að því að mennta almenna kennara til að kenna skák. Verkefnið er hugsað fyrir 3 bekk og umsjónarkennara þeirra Þorbjörn Gíslason. Einnig er vilji fyrir því að hann kenni markvisst skák í 1. 2. og 4. bekk.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 16:00

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir